

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 16. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag miðsvæðisreits Bessastaðahrepps.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 1. júlí 1999 deiliskipulag miðsvæðisreits Bessastaðahrepps þar sem annars vegar er gert ráð fyrir miðsvæði undir verslun og þjónustu og hins vegar 138 nýum íbúðum í einbýlishúsum, parhúsum, raðhúsum og fjölbýlishúsum á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint sem íbúðarsvæði. Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

Bessastaðahreppi, 19. júlí 1999.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag jarðarinnar Bessastaða á Álftanesi.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 1. júlí 1999 deiliskipulag jarðarinnar Bessastaða á Álftanesi þar sem gert er ráð fyrir landnýtingu í samræmi við hlutverk staðarins sem þjóðhöfðingjaseturs. Ekki verða reistar nýjar byggingar eða mannvirki í landi Bessastaða önnur en þau, sem tengjast embætti og búsetu forseta Íslands á staðnum; eru hluti af verndun náttúrufars eða endurreisn og viðhaldi sögulegra minja innan marka jarðarinnar.

Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

Bessastaðahreppi, 19. júlí 1999.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.